

Nd. **997. Breytingartillögur** [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Á eftir 7. gr. komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:

Við 20. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Verði óeðlilegur dráttur á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris skal lífeyrissjóðurinn greiða það sem á vantar með verðtryggingu. Skal verðtryggingin miðuð við hækkun á lánskjaravísitölu frá þeim tíma er upplýsingar, sem rétt lífeyrisgreiðsla byggist á, hefðu fyrst getað komið í hendur sjóðsins og til þess tíma er greiðsla fer fram.

2. Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Peir, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri ákvæðum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum. Það telst ekki skapa rétt skv. eldri lögum í þessu sambandi að starfshlutfall sjóðfélaga hækki eftir að 5 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.